



354. Stjórnarfundur haldinn 3. júní 2010 kl:17:00

Mættir: Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Sveinn Adolfsson (SA), og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og hún samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/ frjálsíþróttaskóla, verkefnisins „*Hættu að hanga! Komdu að hjóla, synda og ganga*“ og Helgi á göngu. Frá UMFÍ v/ Norræna ungmennavíku. Frá ÍRB v/ boðun á ársþing, dagskrá og kjörbréf. Frá Stefáni Bjarkasyni framkvæmdastjóra íþrótt- og tómstundasviðs RNB v/ umsóknar Keflavíkur um styrk á ritun á 80 ára sögu félagsins og sögusýningar þar sem afgreiðslu umsókna var frestað til seinni úthlutunar úr Manngildisjóði RNB 2010.

3. Send bréf.

Engin bréf send.

4. Leikjaskóli Keflavíkur 2010.

Búið er að ráða þau Rut Sigurðardóttir og Helga Rafn Guðmundsson. Leikjaskólinn hefst 14.júní. Íþrótt- og leikjaskólinn verður undir heitinu Bardagaleikjaskóli og verður boðið upp á námskeið á Ásbrú á fyrra námskeiðinu. Höfuðstöðvar skólans verða í íþróttahúsi Myllubakkaskóla.

5. 17. júní 2010.

EH kynnti dagskrána. Stjórnarmenn mjög svo ánægðir með hana.

6. 13. ULM í Borganesi.

Ekki hefur en tekist að manna unglíngalandsmótsnefnd. Þátttökugjald á ULM er sexþúsund krónur og félagstreyja sjöþúsund krónur. *Ákveðið að greiða áttaþúsund á hvern keppenda sem fer á vegum Keflavíkur. Félagstreyjan verðu til sölu fyrir aðra þá sem fara á ULM á fimmiþúsundkrónur. Framkvæmdastjóra falið að láta útbúa eitthundrað félagstreyjur með renndum vösum hjá Henson.*

7. Nýja félagsheimilið að Sunnubraut.

Kaffistelli K-merkt er tilbúið. Fulltrúar Innex ætla að koma með sýnishorn af skrifborði og stól til að kynna fyrir deildum og vera með sérstakt tilboð til þeirra.

8. Fundir með deildum félagsins.

Stefna á fund með skotdeild 8. júní. *Framkvæmdastjóra falið að finna hentugan fundartíma.*

9. Önnur mál.

EH sagði frá að hann hefði undirritað samninga v/ 17.júní, íþrótt- og leikjaskóla og félagsheimilisins.

Næsti fundur verður boðaður (sumarfrí)

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:00

Fundinn ritaði SG

